



Ekki breyting á slaka á vinnumarkaði

Samkvæmt niðurstöðum vinnumarkaðsrannsóknar Hagstofu Íslands er áætlað að um 207.700 manns hafi verið á vinnumarkaði í desember 2020, sem jafngildir 79,3% atvinnuþátttöku. Af fólki á vinnumarkaði voru um 196.200 starfandi og um 11.400 atvinnulausir og í atvinnuleit. Starfandi fólki fækkaði um 4.500 milli ára og atvinnulausum fjölgaði um 4.700. Hlutfall starfandi var 74,9% í desember og hafði minnkað um 2,9 prósentustig frá desember 2019.

Atvinnuþátttaka þokast ekki lengur niður á við

Í apríl 2020 var atvinnuþátttaka 75,8% og hafði ekki verið lægri a.m.k. frá árinu 2003, þegar vinnumarkaðskönnunin hófst. Atvinnuþátttaka mældist meiri í maí og júní en hefur síðan minnkað og mældist 79,3% nú í desember, sem er 0,5 prósentustigum lægra en í desember 2019.




Sé miðað við 12 mánaða hlaupandi meðaltal var atvinnuþátttaka mest um mitt ár 2017, en þá fór hún upp í tæp 84%. Samsvarandi tala nú er 79,6% og hefur hún verið stöðug síðustu mánuði þannig að atvinnuþátttaka er ekki á niðurleið lengur.

Minnkandi atvinnuþátttaka er að töluverðum hluta ákveðin birtingarmynd atvinnuleysis þar sem einhver hluti vinnuafslins kys að hverfa af vinnumarkaði (t.d. í nám) í stað þess að verða atvinnulaus.

Stökk í atvinnuleysi 2020

Atvinnuleysi samkvæmt mælingum Hagstofunnar var 5,5% í desember og hafði aukist um 2,3 prósentustig frá desember 2019. Almennt skráð atvinnuleysi hjá Vinnumálastofnun var hins vegar 10,7% og hafði aukist um 6,4 prósentustig frá desember 2020. Því til viðbótar var atvinnuleysi vegna hlutabóta 1,4% í desember. Ítarlega hefur verið fjallað um mun á mælingum Hagstofunnar og Vinnumálastofnunar í Hagsjám á árinu.

Meðalatvinnuleysi á árinu 2020 var 5,5% samkvæmt mælingum Hagstofunnar og hafði aukist um 1,9 prósentustig frá árinu 2019. Skráð atvinnuleysi var hins vegar 7,9% að meðaltali á árinu 2020 og hafði aukist um 4,3 prósentustig frá fyrra ári. Bæði





Hagstofan og Vinnumálastofnun mældu 3,6% meðalatvinnuleysi á árinu 2019, en síðan hafa leiðir skilist verulega hvað mælingar varðar.

Vinnuafslnotkun dróst mikið saman á árinu 2020

Fjöldi starfandi á 4. ársfjórðungi 2020 hafði fækkað um 5,6% frá sama ársfjórðungi 2019. Á sama tímabili styttest vinnutími um 2,5% þannig að heildarvinnustundum fækkaði um 8,1% milli ára sem er mesta fækkun á einum ársfjórðungi frá því að vinnustundum tók að fækka í upphafi 2020.

Sé litið á breytingar milli meðaltala ára má sjá að heildarvinnustundum fækkaði um 5,2% milli ára 2019 og 2020, eftir að hafa aukist nær stöðugt í mörg ár þar á undan. Breytingin á þessu ári faraldursins er því verulega mikil í sögulegu samhengi.

Mikill slaki á vinnumarkaði

Niðurstöður vinnumarkaðskönnunar Hagstofunnar eru áfram dökkar. Kórónuveirufaraldurinn hefur augljóslega haft mikil áhrif á íslenskan vinnumarkað þannig að þessar niðurstöður koma ekki á óvart. Áhrif faraldursins á hagkerfi og samfélag birtast mjög skýrt í þessum tölum af vinnumarkaði.

Atvinnuleysi mun að öllum líkindum halda áfram að vera yfir 10% þar til atvinnulífið kemst í eðlilegra horf og á það einkum við um ferðaþjónustuna og tengdar greinar.

Nú þegar vonir standa til þess að það sjái fyrir endann á faraldrinum má vænta þess að vinnumarkaðurinn breytist til hins betra. Eitt megineinkennum íslensks vinnumarkaðar er mikill sveigjanleiki og því má ætla að þróunin færist til betri vegar eftir því sem árangur fer að nást af bólusetningum á næstu mánuðum.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

